

## Lög Félags skógarbænda á Suðurlandi (FsS)

### 1.grein

Félagið heitir Félag skógarbænda á Suðurlandi. Félagssvæði þess er Suðurland og Reykjanes.

### 2.grein

Heimilisfang þess og varnarþing er að Austurvegi 1, 800 Selfossi.

### 3.grein

Tilgangur félagsins er:

- a) Að vera samtök og málsvari þeirra sem áhuga hafa á að vinna að hvers kyns trjá- og skógrækt og ræktun nytjaskóga og skjólbelta á félagssvæðinu.
- b) Að tryggja að félagsmenn eigi kost á/hafi aðgang að fræðslu og leiðbeiningum í skógrækt, umhirðu skóga, vinnslu og nytjar eins og þörf er á á hverjum tíma.
- c) Annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við þá aðila sem félagsmenn óska eftir og tilefni er til.
- d) Að horfa til framtíðar og styðja og hvetja til hvers kyns vinnslu skógarafurða

### 4. grein

Félagar geta þeir orðið sem eru eigendur og/eða ábúendur lögbyla og/eða jarðarluta á Suðurlandi og stunda hvers konar skógrækt á jörðum sínum. Eitt félagsgjald greiðist fyrir lögbyli og/eða jarðarluta.

### 5. grein

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins og skal haldinn eigi síðar en 1. júní ár hvert og til hans boðað með sannanlegum hætti með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmaður ef löglega er til hans boðað. Stjórn félagsins getur boðað til félagsfundar þegar hún telur ástæðu til þess og/eða 1/3 hluti félagsmanna æskir þess. Skal þá boðað til hans með sama hætti og til aðalfundar.

Verkefni aðalfundar skal vera:

- 1) Leggja fram skýrslu stjórnar ásamt endurskoðuðum reikningum félagsins til samþykktar.
- 2) Kosning stjórnar.
- 3) Kosning fulltrúa í stjórnir, ráð og félagasamtök sem félagið er aðili að hverju sinni.
- 4) Aðalfundur ákveður árgjöld félagsins.
- 5) Önnur mál

### 6. grein

Aðalstjórn félagsins skipa 5 félagsmenn og 3 til vara og fer hún með framkvæmdastjórn félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin má ekki skuldbinda félagið fjárhagslega umfram það sem fram kemur í samþykktum aðalfundar. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar og uppástungur því aðeins leyfðar að fundurinn samþykki.

- a) Kjósa skal formann sérstaklega til þriggja ára í senn.
- b) Aðra aðalmenn skal kjósa sameiginlegri kosningu og skiptir stjórn með sér verkum að öðru leyti. Kjörtímabilið er 3 ár.
- c) Ritari gegnir stöðu varaformanns.
- d) Kjósa skal 3 varamenn til eins árs í senn.
- e) Skoðunarmenn eru tveir og tveir til vara kjörnir til eins árs í senn.

### **7. grein**

Ákvörðun um slit félagsins er tekin á aðalfundi, með einföldum meirihluta atkvæða og renna þá eignir félagsins, ef einhverjar eru, til málefna er samræmast tilgangi félagsins.

### **8. grein**

Lög þessi tóku gildi með **samþykki aðalfundar 28.03.1998** og síðari breytingum frá 23. apríl 2010, 5. maí 2012, 21. apríl 2018 og 29. apríl 2022. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir 1. mars. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar út með boðun aðalfundar. Til breytinga á lögum þessum þarf minnst 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi.

Lög þessi voru endurskoðuð og samþykkt á aðalfundi Félags skógarbænda á Suðurlandi 29. apríl 2022